



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember

2020 R20100230

13730

ep

Borgarráð

Tillaga um grænan viðskiptahraðal

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 29. október 2020, var lögð fram til afgreiðslu svohljóðandi tillaga borgarstjóra, sbr. 4. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d.:

Lagt er til að Reykjavíkurborg gerist aðili að Grænum hraðli sem einn af bakhjörllum verkefnisins og leggi fram 10 milljónir króna til þess, enda náist að fjármagna það í samræmi við verkefnisáætlun og gera um það sérstakan samning.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs til fullnaðarafgreiðslu.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Sósíalístaflökks Íslands og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Sósíalístaflökks Íslands og Flokks fólksins fagna þessu athyglisverða verkefni sem Grænn hraðall er og telur það geta orðið tímamótaverkefni í að koma nýsköpunargeiranum á Íslandi á fulla ferð í baráttunni við loftslagsvandann héraendis og erlendis. Hér er verið að samþykkja að Reykjavíkurborg gerist aðili að Grænum hraðli sem einn af bakhjörllum verkefnisins og er það í takt við áherslur Græna plansins um efnahagslega endurreisn sem samþykkt var í vor. Einnig er þetta mikilvægt atriði þegar kemur að því að uppfylla Parísarsáttmálann með því að skapa samhent átak og öflugan samstarfsvettvang milli nýsköpunarsamfélagsins, ríkis og borgar um úrlausnir í loftslagsmálum sem mun efla græna nýsköpun í landinu. Viðspyrnan vegna Covid þarf að vera græn. Grænn hraðall er viðskiptahraðall sem er ætlað að draga fram, efla og þróa tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í loftslagsmálum með það fyrir sjónum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búnir til að sækja styrki í Innovation Fund Evrópusambandsins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga um þátttöku í grænum hraðli ásamt greinagerð, dags. 26. október 2020



26. október 2020

Græna planið: Tillaga um þátttöku í Grænum hraðli

Lagt er til að Reykjavíkurborg gerist aðili að Grænum hraðli sem einn af bakhjörllum verkefnisins og leggi fram 10 milljónir króna til þess, enda náist að fjármagna það í samræmi við verkefnisáætlun og gera um það sérstakan samning.

Greinargerð

Borgarráð samþykkti sl. vor tillögu um Græna planið, áætlun um efnahagslega endurreisn eftir samdráttinn sem leiða mun af faraldri kórónaveiru. Reykjavíkurborg hefur fengið boð um að gerast bakhjarl í Grænum hraðli sem er samstarfsverkefni Þróunarfélaganna á Breiðinni og á Grundartanga.

Það tengist að minnsta kosti þremur áhersluþáttum Græna plansins: grænni nýsköpun, loftslagsmálum og undirbúningi Evrópuumsókna um græn verkefni.

Grænn hraðall er 10 vikna viðskiptahraðall sem er ætlað að draga fram, efla og þróa tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búin til að sækja styrki í Innovation Fund Evrópusambandsins.

Reykjavíkurborg mun eiga sæti í stýrihópi hraðalsins og jafnframt tilnefna sérfræðinga og/eða verkefni og hugmyndir sem þróuð verði innan hraðalsins.

Þar sem verkefnið er á sviði nýsköpunar fer tillagan um þátttöku í verkefninu fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs til umfjöllunar og afgreiðslu með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu í borgarráði sem samþykki fjármögnun hennar.

Dagur B. Eggertsson